

**Nd.**

**175. Frumvarp**

til laga um framlenging á friðunartíma hreindýra.

Flutningsmenn: Jón Jónsson og Sigurður Sigurðsson.

Friðunartími hreindýra, sem ákveðinn er með lögum nr. 42, 8. nóv. 1901, skal framlengdur til 1. jan. 1926.

### **Greinargerð.**

Það er alveg nauðsynlegt að framlengja friðunartíma hreindýranna, en hann var útrunninn 1. jan. þ. á. — því ella er hætt við, að þau verði drepin og jafnvel alveg útrýmt á skömmum tíma, meðan þau eru ekki fleiri en nú er.